



Skrifstofa félags- og lífeyrismála
Félags- og húsnæðismálaráðuneytið

Reykjavík, 3. febrúar 2026.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn
þskj. 439, 313. mál.**

Íslandsdeild Amnesty International ítrekar fyrri umsögn sem send var 20. ágúst 2025 um áform um frumvarp til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn.

Frelsissvipting felur ávallt í sér alvarlegt inngrip í líf einstaklings og hefur víðtæk áhrif á mannréttindi hans. Ströng skilyrði gilda um það hvenær heimilt sé að svipta einstakling frelsi sínu og er ákvæði þar að lútandi að finna bæði í stjórnarskrá og almennum lögum sem og helstu mannréttindasáttmálum sem Ísland er aðili að. Í því samhengi er vert að vekja sérstaka athygli á b-lið 1. mgr. 14. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) þar sem skýlaust bann er lagt við fötlun sé nýtt til að réttlæta frelissviptingu.

Samtökin gjaldi varhuga við öryggisvistunum enda sé hætt við að einstaklingar sem sæti slíkum úrræðum njóti ekki sömu réttarfarsverndar og sakborningar og sagan sýni að slík úrræði hafi ítrekað verið misnotuð.

Grundvallarmarkmið fangelsisvistunar eru, auk varnaðaráhrifa, „að draga úr líkum á ítrekun brota og stuðla að farsælli betrun og aðlögun dómþola að samfélaginu“, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, og einnig 3. mgr. 10. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (SBSR). Slíkum markmiðum verður eingöngu náð ef vistunin er nýtt til að tryggja, sem framast er unnt, að einstaklingur eigi endurkvæmt í samfélagið, sbr. lágmarksviðmið Sameinuðu þjóðanna um meðferð fanga (Mandela reglurnar).¹

Fram kemur í frumvarpinu að í dómi skuli vera tekin ákvörðun um hvort og þá hvaða öryggisráðstöfunum skuli beitt, þar á meðal hvort öryggisgæsla fari fram á viðeigandi heilbrigðisstofnun eða öðrum öryggisgæslustað, sbr. lög um framkvæmd öryggisráðstafana

¹ United Nations Standard Minimum Rules for the Treatment of Prisoners (the Nelson Mandela Rules), A/RES/70/175, 8. janúar 2016.

samkvæmt dómsúrlausn. Íslandsdeild Amnesty International gagnrýnir að ekki er krafist dómsúrskurðar á takmörkunum á réttindum einstaklings sem sætir öryggisráðstöfun sem honum eru áskilin. Íslandsdeild Amnesty kallar eftir því að ákvörðun um hvers kyns takmarkanir á frelsi og réttindum einstaklings sem sætir öryggisráðstöfun svo sem takmarkanir á samskiptum og aðgangi að net- og samskiptamiðlum, aðgangi að fjölmiðlum eða réttinum til einkalífs skuli vera tekin fyrir í dómi. Slíkar takmarkanir skulu vera í samræmi við meðalhófsreglu og meginreglu um að beita skuli vægasta úrræði sem nær lögmætu markmiði. Takmarkanir skulu ákvarðaðar á grundvelli einstaklingsbundins mats og ekki ganga lengra en brýna nauðsyn ber til.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öryggisráðstafanir geti verið ákveðnar til fimm ára og þær framlengdar í allt að fimm ár í senn án takmarkana á hversu oft slík framlenging getur átt sér stað. Slík tilhögun á öryggisráðstöfunum og viðvarandi skerðingu á ferðafrelsi getur í reynd falið í sér lífstíðarfangelsi Amnesty International er alfarið á móti lífstíðarfangelsi, enda brjóti lífstíðarfangelsi án möguleika á lausn gegn banni við grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, sbr. 67. gr. stjórnarskrár, 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 7. gr. SBSR. Samtökin leggja jafnframt gegn vistun fanga eftir að afplánun refsingar er lokið ef ekki stendur til að ákæra einstaklinginn fyrir refsiverða háttsemi þrátt fyrir nauðsynlegan dómsúrskurð því hætta sé á að slíkt úrræði uppfylli ekki þær ströngu kröfur sem gerðar eru til réttlátrar málsmeðferðar í sakamálum.

Þrátt fyrir að alþjóðlegir mannréttindasamningar leyfi í einhverjum tilvikum að fólk sé frelsissvipt á öðrum grundvelli en vegna dóms fyrir refsivert brot kalla samtökin eftir því að ríki afnemi úrræði á borð við nauðungar- og öryggisvistanir, fremur en að farið sé í endurbætur á löggjöf.

Amnesty International vekur jafnframt athygli á tilmælum WHO og Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna um geðheilbrigði, mannréttindi og löggjöf,² og ákvæðum SRFF, sem Ísland hefur fullgilt og til stendur að lögfesta. Sér í lagi þarf að tryggja að sú löggjöf sem áformin lúta að miði gagnert að því að:

- tryggja jafnrétti og að bann við mismunun á grundvelli fötlunar eða þjóðfélagsstöðu sé virt í hvívetna – sér í lagi þarf að tryggja að fólk með geðrænar raskanir sæti ekki mismunun og njóti fullra mannréttinda til jafns við aðra hópa samfélagsins (bls. 32),
- sjálfsákvörðunarréttur og sjálfræði einstaklinga séu virt í samræmi við 12. gr. SRFF – þ.m.t. réttur einstaklings til að taka ákvarðanir um eigin meðferð og að nauðsynlegur stuðningur sé veittur svo einstaklingur fái notið réttinda sinna (bls. 46),
- réttur til að veita upplýst samþykki sé tryggður og að látið sé af allri nauðung í geðheilbrigðisþjónustu, þ.m.t. nauðungarvistun, enda sýni rannsóknir í auknum mæli fram á að slíkt úrræði séu skaðleg og að úrræði þar sem nauðung er ekki beitt séu ákjósanlegri (bls. 55),

² *Mental health, human rights and legislation: Guidance and practice*, HR/PUB/23/3 (OHCHR), 2023. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar hér: https://www.ohchr.org/sites/default/files/documents/publications/WHO-OHCHR-Mental-health-human-rights-and-legislation_web.pdf

- aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu sé tryggt (bls. 76) og að þjónustan og boðinn stuðningur sé einstaklings- og réttindamiðaður og aðgengilegur í nærsamfélagi einstaklingsins (bls. 88),
- þátttaka hagsmunasamtaka fatlaðs fólks sé tryggð í allri ákvörðunartöku um löggjöf og stefnumótun, og sér í lagi að samráð sé haft við notendur geðheilbrigðisþjónustu og tekið mið af reynslu þeirra og upplifun (bls. 97),
- tryggt sé að þjónustuveitendur geðheilbrigðisþjónustu séu látnir sæta ábyrgð og eftirlit og gagnsæi tryggt (bls. 100).

Amnesty leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja sjálfstætt eftirlit með öryggisvistunum og ákvörðunum um öryggisvistun.

Virðingarfyllst,



Anna Lúðvíksdóttir
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International